

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Foss Rúri undirbjó gjörninginn í Hafnarhúsinu í vikunni.

Á heimavelli

■ Myndlistarmaðurinn Rúri er heiðurslistamaður Sequences í ár ■ Fremur sinn stærsta gjörning til þessa

Eftir Gunnhildi Finndóttur
gunnhildur@mbl.is

MYNDLISTARHÁTÍÐIN Sequences er helguð kvikum listum á borð við gjörninga, videóverk og hljóðverk og þar er Rúri á heimavelli. Hún hefur unnið í þessum miðlum allan sinn feril og hefur verið valin heiðurslistamaður Sequences í ár. „Ég byrjaði mjög snemma að vinna með gjörninga, reyndar var ég með gjörning þegar ég kom fram í fyrsta skipti og svo hef ég unnið mikið með sýningarstaðinn og stundina. Svo hef ég verið að vinna með kvikmyndir og hljóð allan tímann. Þetta er aðferðafræði sem heillar mig mjög og er mér eðlileg og náttúruleg,“ segir Rúri.

30 manna gjörningur

Framlag Rúriar til Sequences í ár er gjörningurinn *Vocal IV* sem hún vinnur í samstarfi við tónlistarmanninn Jóhann Jóhannsson, Nýlókórinn, Matthías Hemstock og fleiri. Alls taka yfir 30 manns þátt í gjörningnum og að sögn Rúriar er þetta stærsti gjörningur sem hún hefur staðið fyrir á ferlinum.

„Ég lýsi ekki gjörningi fyrirfram, það er bara í eðli verksins,“ segir hún og útskýrir að hann verði að miklu leyti spunninn á staðnum, svo að ekki sé hægt að gefa sér mikið fyrirfram. Hún fæst þó til þess að segja að þarna verði leikið á hljóðskúlpútr. „Þetta er fjölbær gjörningur og margir sem koma þarna að. Allir gjörningarnir í *Vocal* seríunni hafa snúist í kringum

fossa og þessi mun gera það líka. Þetta er alltaf síbreytilegt og þetta er sá stærsti.“

Mikill undirbúningur hefur verið að verkinu og Rúri segir að það hefði ekki getað orðið að veruleika nema fyrir það að samstarfsfólk hennar sé fagfólk fram í fingurgóma. „Ég legg þarna grunnþóninn og síðan kemur Jóhann með sinn tón ofan á það og síðan hver tónlistarmaður, þannig að það eru allir að spinna innan rammans sem í þetta sinn er portið í Hafnarhúsinu.“

Í takt við tímann

Aðferðir Rúriar, að vinna með ákveðið rými og tíma og umfjöllunarefni hennar, náttúra og umhverfi, eru áberandi í glænýrri íslenskrar myndlist. Hún gengst þó ekki við því að hafa verið á undan sinni samtíð. „Það er ekki hægt að vera á undan sínum tíma,“ segir hún og hlær. „Íslenskir myndlistarmenn hafa verið mjög í takt við tímann í sinni túlkun síðustu áratugina og verið að gera góða hluti. Við erum ekki best eða fremst, en við þurfum ekki að skammast okkar og við getum líka verið stolt af því hvað fólk hefur verið duglegt að vinna við mjög erfiðar aðstæður.“

Hún leggur sérstaka áherslu á hversu mikið henni þykir til þess koma að hafa verið valin heiðurslistamaður á Sequences. „Mér þykir það mjög fallegt og það er gaman að unga fólk skuli leyfa mér að vera með.“

Gjörningurinn *Vocal IV* fer fram í porti Hafnarhússins klukkan átta í kvöld, sunnudagskvöld.

Beitti sleggju á Bensinn

RÚRI er fædd árið 1951 í Reykjavík, stundaði listnám þar og síðar í Hollandi. Hún vakti fyrst athygli á áttunda áratug síðustu aldar með róttækum gjörningum. Til dæmis braut hún gylltan Mercedes Benz niður með sleggju og setti amerísku fánalitina í íslenskan þjóðbúning. Flestir Íslendingar þekkja verk hennar *Regnbogann* sem stendur við Leifsstöð og *Fyssu* í Grasagarðinum í Laugardal.

Rúri hefur hlotið fjölda viðurkenninga á ferlinum, m.a. var hún fulltrúi Íslands á Fenevátværingnum árið 2003, var valin borgarlistamaður Reykjavíkur 2005 og í ár var hún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu.



Róttæk Rúri mólvar drossfuna.

Ófrjóar fiseindir?

BÆKUR

Þýdd skáldsaga

Síðasta uppgötvun Einsteins

Mark Alpert. Í þýðingu Ásdísar Guðna-dóttur og Ingunnar Snædal. Bjartur 2008. 397 bls.


STRAX á fyrstu blaðsíðu er verið að drekkja manni í baðkari og skömmu síðar er David Swift, grandalaus prófessor við Columbia-háskólann, yfirheyrður í höfuðstöðvum FBI. Síðan rekur hver stóratburðurinn annan. Spennan snýst um leyndardóma eðlisfræði, svonefnda samsviðskenningu, sem Albert Einstein varði seinni hluta ævi sinnar í að rannsaka og nokkrir bráðfeigir samstarfsmenn hans þekkja til. Kenningin gæti reynst skeimuhættari við vopnasmíð en sú sem notuð var til að smíða kjarnorkusprengruna.

Swift kemst undan á hröðum flóttu en rússneska ilmennið Simon eltir hann í kapphlaupi við herinn og FBI. Forseti Bandaríkjanna er hálfgerður auli og FBI klúðrar öllu enda svikarar þar innan veggja. Auðvitað er kona í spilu, Monique Randall er gullfalleg og leggjálöng, þeldökkur eðlisfræðiprófessor og gamall sjens Swifts. Það er eftirminnileg

sena í sögunni þegar hann stingur upp á því að hún dulbúist sem ein af konunum sem þrifa skrifstofur prófessoranna, en þá segir hún: „Það skiptir ekki máli hversu margar gráður ég hef eða hversu margar greinar ég hef skrifað eða hversu mörg verðlaun ég hef fengið. Í þeirra augum er ég ekkert nema ræstingarkona“ (143-144).

Það er bagalegt að þess er ekki getið hvort bókin er þýdd úr ensku eða Norðurlandamáli. Titill hennar á íslensku er bein þýðing úr dönsku þýðingunni. Á bókarkápu segir að bókinni minni á *Da Vinci-lykilinn* sem er hárrétt, spennu og flókin fræðihugtökum og kenningum troðið upp í persónurnar svo þær verða ótrúverðugar: „Þetta eru ormagöng, ekki satt? Brú sem tengir fjarlæg svæði tímarúmsins? Já, en einungis ófrjóar fiseindir geta stýtt sér svona leið“ (313). Bókinni er ætlað stórt hlutverk, vefsíða (markalpert.com) og yfirbragð allt stefna á heimsvísirráð. Hún er ágætis afþreying á dimmu vetrarkvöldi, ekkert meir.

Steinunn Inga Óttarsdóttir



HAGRÆÐING

- RÉTTI KOSTURINN NÚNA!

Sameiningar fyrirtækja geta í mörgum tilfellum verið árangursríkasta leiðin til hagræðingar.

Kontakt hefur á undanförunum árum veitt ráðgjöf við breytingar á eignarhaldi yfir eitt hundrad meðalstórra fyrirtækja.

- Leit að samstarfsaðilum
- Viðræðu- og samningaferli
- Verðmat fyrirtækja
- Fjármögnun viðskipta
- Gerð samninga

Nánari upplýsingar á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 4, 7. hæð • Sími: 414 1200
www.kontakt.is

Jens Ingólfsson rekstrarhagræðingur, jens@kontakt.is
Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur, gunnar@kontakt.is
Brynhildur Bergþórsdóttir rekstrarhagræðingur, brynhildur@kontakt.is
Höskuldur Frimannsson rekstrarhagræðingur, hoskuldur@kontakt.is
Sigurður A. Þórðsson hll. sigurdur@kontakt.is
Þórarinn Arnar Sævarsson, lögg. fasteignasali_tas@kontakt.is

globalM&A Iceland



Fáðu fréttirnar sendar í símann þinn mbl.is